

REIÐHJÓL

LAUGARDAGUR 20. APRÍL 2013

Kynningarblað

Kría hjólaverslun
Rafmagnshjól.is
Starfsmenn hjóla í vinnuna
Frábær heilsurækt
Aukahlutir
Viðgerðir

TRI – Sérverslun fyrir reiðhjól, hlaupa- og sundvörur

TRI er sérverslun með reiðhjól, hlaupa- og sundvörur, en einnig er allt til fyrir þríþrautarmanninn og dregur verslunin nafn sitt að hluta til af þessari íþróttgrein (Triathlon).

Mikið úrval

TRI býður upp á mikið úrval af hjólum frá CUBE sem eru þýsk gæðahjól og hafa verið framleidd í Þýskalandi í átján ár.

Vöruúrval okkar af CUBE-reiðhjólum er gríðarlega mikið og ættu allir að geta fundið sér hjól við hæfi þar sem úrvalið er um 67 tegundir og allar stærðir.

„Seljið þið líka venjuleg hjól?“ er oft spurt þegar fólk hringir í okkur og auðvitað gerum við það. Við seljum barnahjól frá 12 og upp í 26 tommur og svo erum við með mikið úrval af 26 og 29 tommu fjallahjólum, hvort sem eru tveggja eða eins dempara hjól. Svo eru hybrid-hjólin okkar eitt það vinsælasta í búðinni.

„Racerar“ og þríþrautarhjól njóta mikilla vinsælda hjá okkur og er það oft þannig að fólk kaupir sér „Racer“ sem hjól númer tvö eða þrjú því það vill komast hraðar yfir og lengra á styttri tíma.

Verðlagning og gæði

CUBE hefur lagt mikið upp úr því að hjólin sem seld eru séu framleidd eftir ströngustu gæðakröfum og prófa þeir öll sín hjól eftir DIN-staðli þar sem gerðar eru meiri kröfur en þekkt og ekki skemmir útlit hjólanna fyrir.

CUBE hefur lagt á það mikla áherslu að hjólin þeirra endurspeglí góð gæði og hagstæð verð.

Hjólafatnaður

Klæðnaður á hjólinu er farinn að skipta fólk miklu máli þar sem vindþéttir jakkar, þröngar buxur með púða, hanskar, gleraugu og ýmislegt annað gerir hjólríðna-



CUBE eru þýsk gæðahjól og hafa verið framleidd í Þýskalandi í átján ár. Vöruúrvalið af CUBE-reiðhjólum er mikið hjá TRI á Suðurlandsbraut 32.

MYND/ RONNY KIAULEHM/CUBE

ferðina þægilegri og skemmtilegri.

Hlaupa- og sundvörur

Við höfum líka lagt mikið upp úr góðu úrvali af hlaupaskóm og fatnaði frá Brooks, NIKE, Zoot og Craft.

Hjá okkur er hægt að fá „racer-skó“ sem eru léttir keppnis-skó, æfingaskó sem henta öllum hvort sem um er að ræða byrjendur eða lengra komna, utanvegaskó sem eru notaðir mest fyrir svokölluð „Trailhlaup“ eins og „Laugaveginn“ og svo auðvitað þríþrautarskó sem eru sérstaklega gerðir til að komast hratt í þá og eins hlaupa hratt í þeim.

Í sundinu er nánast allt til hjá okkur til æfinga og leikja en þess má geta að við seljum ein vinsælustu sjósundgleraugu í dag sem heita „Aquaspire“ enda eru þau líka notuð mikið af þríþrautarfólki.

Aukahlutir fyrir hjól og hlaup

Hjá TRI höfum við lagt mikla áherslu á aukahluti fyrir reiðhjólin og hlaupin enda erum við sérverslun á þessu sviði.

Þess má geta að CUBE framleiðir nánast alla sína aukahluti sjálfst svo þeir smellpassa á hjólin frá þeim og svo er mikið úrval af ýmsu sem tengist hjólríðum.

Ein vinsælasta varan hjá hlaupurum í dag eru kálfahlífar og hlaupasokkar frá Compress sport, en kálfahlífararnar eru til í miklu litaúrvali svo stíllinn sé í lagi.

Reiðhjólaviðgerðir

TRI býður upp á viðgerðarþjónustu fyrir allar tegundir af hjólum ásamt því að sinna almennri þjónustu og viðhaldi á CUBE-reiðhjólum sem flest eru ný hér á landi.

Þjónustan

Þegar TRI var stofnað vildum við að þjónusta og þekking okkar starfsfólks væri góð á öllum sviðum hjól-

reiða, hlaupa og sunds. Við vorum mjög heppin að ná í gæðastarfsmenn sem hafa reynslu á öllum þáttum í verslun okkar.

Verslunarstjórinn okkar, Róbert Pétursson, keppti fyrir hönd Íslands á Smáþjóðaleikunum í hjólríðum, Ásdís Kristjánsdóttir er ein af fremstu þríþrautarkonum landsins og nýverið lauk hún heimsmeistarakeppni í IRONMAN Hawaii 2012 fyrst Íslendinga, Viktor Þór Sigurðsson er einn af öflugustu fjallahjólríðamönnum landsins enda er hann kominn niður fyrir tvo tíma í Bláalónsþrautinni, Jóhann Sigurjónsson er okkar snillingur í viðgerðum, en hann hefur keppt mikið í hjólríðum og mótorkrossi undanfarin ár, Heiðar Benediktsson Íslandsmeistari í karate er aðstoðarmaður á verkstæði en hann er sómi hvers íþróttamanns og svo er það Jón Hinrik sem er aðeins 21 árs gamall og er búinn að klára tvo IRONMAN (3,8 km sund, 180 km hjól og 42,2 km hlaup).

Nýjung

TRI býður vinnustöðum og stærri hópum upp á kynningar á reiðhjólum, hvort sem um er að ræða almenn hjól eða keppnishjól.

Frekari upplýsingar er hægt að fá með því að senda póst á cube@tri.is

Við bjóðum alla velkomna í verslun okkar að Suðurlandsbraut 32 en ef þið komist ekki þá er alltaf hægt að skoða www.tri.is og panta þar og við sendum öll reiðhjól FRÍTT heim, þ.e.a.s heimkeyrsla á höfuðborgarsvæðinu eða næsta útibú Flytjanda á landsbyggðinni.

Flott **CUBE AIM DISC**
2013 árgerð á flottu verði
Verð: 109.990 kr.

Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu
og á allar afgreiðslustöðvar Flytjanda á landsbyggðinni.



Afslappað andrúmsloft hjá Kríu

Upphafið að ævintýralegu hjólaversluninni Kríu má rekja til þess er David Robertson missti vinnuna árið 2008. Hann byrjaði að gera við hjól í 25 fermetra rými úti á Granda en fljótlega óx starfsemið fiskur um hrygg.

David flutti til Íslands árið 2008 og hóf störf á arkitektastofu. Seinna sama ár missti hann vinnuna í kjölfar efnahagsbrunsins. „Ég leigði mér 25 fermetra rými út á Granda og hóf að gera við hjól. Á einhverjum tímapunkti hittu ég Dr. Gunna í sundi og við fórum að spjalla um hjól. Hann skrifaði pistil í Fréttablaðið þar sem sagði að ég gæti gert við hvaða ryðgaða hjól sem væri. Eftir það varð brjáláð að gera hjá mér,“ segir David. Síðan þá hefur starfsemið sprengt utan af sér húsnæðið fjórum sinnum og er nú í nýjum og glæsilegum húsakynnum á Grandagarði 7. „Í dag erum við tveir sem eigum Kríu. Ég og Emil Guðmundsson.“

Gott andrúmsloft

Andrúmsloft hjólaverslunarinnar Kríu er óvenjulegt að mörgu leyti. Þar geta viðskiptavinir fengið sér espressokaffi og lesið bækur og blöð um hjólreiðar. „Við byrjuðum í litlu rými sem bjó til persónulegt og afslappandi umhverfi og vildum halda því þó að við stækkuðum við okkur. Ég held að það hafi tekist ágætlega.“ Í framtíðinni stefna þeir félagar á að opna kaffihús samhliða hjólaversluninni.

Specialized-hjólin

Árið 2010 gerðist Kría umboðsaðili Specialized Bicycles, sem er einn stærsti og virtasti hjólaframleiðandi heims. „Þeir styrkja marga af þekktustu íþróttamönnum veraldar í hjólreiðum sem keppa á hjólum frá þeim. Árið 2011 hömpuðu til dæmis ellefu íþróttamenn heimsmeistararitli á þeirra hjólum.“ Tegundirnar frá Specialized Bikes eru allt frá götu hjólum fyrir karla og konur til fjallahjóla í ýmsum útfærslum ásamt vönduðum þríþrautarhjólum og fleiri gerðum.

Globe-hjólin

Globe-hjólin eru litrík borgahjól, hönnuð með fágum og stíl í huga. Þau eru með fáum girum og einfaldleikinn ræður ríkjum. „Á þessu ári höfum við einbeitt okkur að því að bjóða upp á fleiri hjól fyrir konur enda eru hjólreiðar kvenna að aukast. Í Globe-línunni eru virkilega flott kvenmannshjól, en þó ekki eingöngu kvenmannshjól.“ Þá fást einnig vönduð barnahjól hjá Kríu, bæði venjuleg og svokölluð jafnvægis-hjól. „Jafnvægis-hjólin eru án pedala og krakkarnir yta sér áfram. Ég mæli eindregið með þeim sem fyrsta hjóli þar sem þau ná valdi á jafnvæginu fyrst og þurfa ekki að hugsa um pedala eða bremsur. Tilvalið fyrir börn allt frá tveggja ára.“

Viðgerðir og varahlutir

Kría tekur á móti hvers kyns hjólum og sinnir öllum viðgerðum af fagmennsku og natni. „Mikilvægt er að yfirfara hjól reglulega. Við erum með fast verð í yfirferð á hjólum. Þá er þurrkað af þeim, gjarðir réttar, bremsur stilltar, girar smurðir og stilltir, dekk athuguð og fleira.“ Í þessari yfirferð kemur vanalega í ljós hvort eitthvað þurfi að gera fleira. Þá fær fólk að vita það áður en það skilur hjólið eftir. „Þannig ætti ekki neinn óvæntur kostnaður að koma upp eftir á,“ segir David og bætir við. „Einnig erum við með allsherjar yfirhalningu á föstu verði. Þá er allt hjólið tekið í sundur, þrifið og smurt.“ Þá er töluvert úrval af ýmsum auka- og varahlutum fánlegt hjá Kríu. Töskur, dekk, gjarðir, hnakkar og fleira.

Hjólreiðafélagið Tindur

David er mikill áhugamaður um hjólreiðar og er formaður hjólreiðanefndar ÍSÍ. Hann stofnaði einnig reiðhjólafélagið Tindur ásamt Emil. „Tindur stóð meðal annars fyrir



„Við byrjuðum í litlu rými sem bjó til persónulegt og afslappandi umhverfi og vildum halda því þó við stækkuðum við okkur. Ég held að það hafi tekist ágætlega,“ segir David Robertson sem á og rekur Kríu ásamt Emil Guðmundssyni. MYND/PIETUR



Kría hjólabúð.

fyrstu cyclecross-keppninni á Íslandi og hefur það að markmiði að auka hjólreiðar á Íslandi. Það er einmitt að gerast, áhuginn á hjólreiðum sem keppnisgrein er að aukast,

sérstaklega hjá konum, sem er mjög ánægjulegt.“

Tindur stendur einnig fyrir ýmsum keppnum en nýlega var til dæmis haldin cyclecross-keppni í Nauthólsvík. „Þetta eru skemmtilegar keppnir þar sem hjólað er í stutta hringi og fólk getur fylgst með allri leiðinni. Það má sjá myndir frá síðustu keppni á Facebook-síðu okkar undir Tindur.“

Styrkja íþróttamenn

Kría styrkir hjólaþrótta Ingvar Ómarsson og Óskar bróður hans. „Ingvar er sigurvegari úr National xc mountain bike-keppninni hér á landi. Við vonum að hann fari á smáþjóðaleika í Lúxemborg í sumar að keppa fyrir Ísland.“

Nánari upplýsingar um hjólin, þjónustuna, viðgerðir, aukahluti, fatnað og fleira má skoða á heimasíðu Kríu www.kriacycles.com.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmenn auglýsinga: Sverrir Birgir Sverrisson, 512 5432, sverrirbs@365.is | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

SCREW BOOK CLUB.

EVELYN STEVENS HAD A JOB ON WALL STREET. SHE DISCUSSED TRENDY NOVELS WITH GIRLFRIENDS AT POTLUCK DINNERS. ONE DAY SHE RODE AN ELEVATOR TO HER BOSS'S OFFICE, QUIT, AND BECAME ONE OF THE FASTEST RIDERS IN THE WORLD. RIDE WITH EVELYN AT WWW.SPECIALIZED.COM/EVELYN

SPECIALIZED HJÓL & AUKAHLUTIR
KRÍA HJÓL, GRANDAGARDUR 7, 101 RVK
INFO@KRIACYCLES.COM S. 5349164

VERÐLÆKKUN

VERÐLÆKKUN Á HJÓLUM VEGNA
NIÐURFELLINGAR Á TOLLUM



JAMIS MISS DAISY
35.990 KR.

~~39.990 KR.~~

16" BARNAHJÓL ÁN GÍRA
MEÐ STÁLSTELLI OG
HJÁLPARDEKKJUM.



TRAIL X3
89.990 KR.

~~99.990 KR.~~

26" FJALLAHJÓL, ÁLSTELL,
21 GÍR OG DISKABREMSUR.
Væntanlegt á mánudag!



JAMIS XR
53.990 KR.

~~59.990 KR.~~

26" FJALLAHJÓL MED
STÁLSTELLI OG 21 GÍR.



JAMIS X24
49.990 KR.

~~55.990 KR.~~

24" KRAKKAHJÓL MED
ÁLSTELLI OG 18 GÍRUM.



ALLEGRO X SPORT
134.990 KR.

~~149.990 KR.~~

28" GÖTUHYBRID
(DUAL SPORT), ÁLSTELL
24 GÍRA MED DISKABREMSUM.



JAMIS EXPLORER 2
71.990 KR.

~~79.990 KR.~~

26" ÞÆGILEGT ALHLIDA
HJÓL MED STÁLSTELLI
OG 21 GÍR.



HOT ROD
29.990 KR.

~~33.990 KR.~~

12" BARNAHJÓL ÁN GÍRA
MEÐ STÁLSTELLI OG
HJÁLPARDEKKJUM.



DRAGON SPORT
269.990 KR.

~~299.990 KR.~~

29" FJALLAHJÓL,
REYNOLDS STÁL, 27 GÍRA
MEÐ GLUSSABREMSUM.



CITIZEN 1
57.990 KR.

~~64.990 KR.~~

28" GÖTUHJÓL,
STÁLSTELL,
FALLEGT BORGARHJÓL.



Fáðu aðstoð við valið á réttu hjólunum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.

HJÓLIN ERU Í SMÁRALIND OG GLÆSIBÆ

ÚTILÍF

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

utilif.is



Niðurstöður rannsóknna sýna að hjólreiðar eru ein fjölhæfasta leiðin til hreyfingar.

Hjólreiðar lengja lífið

Það er fátt skemmtilegra en að hjóla og þeir sem eitt sinn læra að halda jafnvægi á hjóli kunna að hjóla fyrir lífstíð. Niðurstöður rannsókna sýna að hjólreiðar eru ein fjölhæfasta leiðin til hreyfingar og fátt sem toppar heilsuþættandi áhrif hjólreiða frá toppi til táar.

Hjólreiðar eru...

- ... góðar fyrir hjartað. Þær stuðla að betri heilsu hjarta- og æðakerfis líkamans og draga úr hættu á kransæðastíflu.
- ... góðar fyrir vöðvana. Að hjóla er frábær leið til vöðvauppbyggingar, ekki síst fyrir neðri hluta líkamans; kálfa, rass og læri. Þá eru hjólreiðar hentugur æfingamáti fyrir þá sem glíma við meiðsli í fótum, mjóðmum eða liðamótum, sem annars aftraði þeim frá hreyfingu.
- ... góðar fyrir mittismálið. Hitaeiningabruni verður mikill við hjólreiðar, ekki síst þegar vel er tekið á því. Að hjóla heldur vigtinni í skefjum og eykur efnaskiptahraða, meira að segja þegar hjólreiðum er lokið.
- ... góðar fyrir langlífi. Rannsóknir sýna að hjólreiðar lengja lífið, jafnvel þótt aukin slyshætta við hjólreiðar sé tekin með í reikninginn.
- ... góðar fyrir samhæfinguna. Að hreyfa fæturna í hringi í hjóli um leið og því er stýrt með báðum höndum og eigin þunga er afbragðs æfing fyrir samhæfingu líkamans.
- ... góðar fyrir sálartetrið. Fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að hjólreiðar hafa góð áhrif á andlegt heilsufar.
- ... góðar fyrir ónæmiskerfið. Hjólreiðar styrkja ónæmiskerfi líkamans og geta veitt öfluga vörn gegn alvarlegum sjúkdómum.

Nú eru brekkurnar ekkert mál

Verslunin RAFMAGNSHJÓL í Skipholti 33 selur vönduð rafmagnshjól frá Hollandi sem hlotið hafa fjölda verðlauna. Hjólin eru frábær valkostur fyrir alla þá sem vilja stunda hjólreiðar. Rafmótorinn hjálpar til upp brekkurnar eða á móti vindi svo engar afsakanir duga lengur til.

Margir eiga reiðhjól en nota þau ekkert eða lítið og beita fyrir sig ýmsum afsökunum. Bera til dæmis fyrir sig allar brekkurnar eða segjast ekki vilja koma rennsveitt í vinnuna. Rafmagnshjól er lausnin á þessu því mótorinn hjálpar til þegar hjólið er stigið,“ útskýrir Ragnar Kristinn Kristjánsson, eigandi RAFMAGNSHJÓLA.

Hann segir rafmagnshjólina ekki síður góðan kost fyrir þá sem eiga erfitt með að hjóla á hefðbundnum reiðhjólum, til dæmis vegna meiðsla. „Margir vilja njóta útivistarinnar en eru til dæmis slæmir í hnjúm. Þá kemur hjálparmótorinn að góðu notum. Ég lýsi því gjarnan þannig að það sé eins og að vera með meðvind í bakið. Það er einstök upplifun að hjóla á þessum hjólum,“ segir Ragnar.

QWIC-hjólin uppfylla alla ströngustu Evrópustaðla. Hjálparmótorinn er 250W og 36V og vinnur aðeins þegar hjólið er stigið. Hjólreiðamaðurinn ákveður sjálfur hversu mikla hjálp hann vill með því að ýta á lítinn takka á skjá sem staðsettur er á stýri hjólsins til að virkja mótorinn. Við 25 kílómetra hraða slær hjálparmótorinn út en eftir það er það fót kraftur hjólreiðamannsins sem knýr hjólið áfram.



QWIC Easy-hjól með barnastól frá YEPP í Hollandi. RAFMAGNSHJÓL er umboðs- og sölu-aðili stólanna á Íslandi.

MYND/RAFMAGNSHJÓL

Einnig er ekkert mál að hjóla á hjólunum þó að slökkt sé á hjálparmótorum.

„Við bjóðum átta tegundir rafmagnshjóla; sex tegundir með innbyggðum girum og tvær tegundir með hefðbundnum utanálggjandi girum. Hjólin eru smekkleig, praktísk og vel útbúin með sterkum bögglabera með þrefaldri teygju, stillanlegu stýri, lokaðri keðjuhúlf, fram- og aftur-díóðuljósi, lás, bjöllu og fleira.“

Það má einnig benda á að samkvæmt útreikningi FÍB í janúar 2013, er rekstrarkostnaður bifreiðar að verðmæti 2,8 milljónir sem ekið er 15.000 km á ári, rúmlega 1,2 milljónir. Það segir sig sjálft að ef hægt er að sleppa snattbílnum – og vera á rafmagnshjól – þá er það verulegur sparnaður og frábær umhverfisvænn valkostur. Nánari upplýsingar má finna á www.rafmagnshjol.is



Allir starfsmenn í einu bílastæði

Farartæki allra starfsmanna Dohop komast fyrir á einu bílastæði. Þau hjóla öll í vinnuna og hafa sett upp hjólageymsluskúr á bílplaninu.

Við gerum stundum grín að því að hér fái menn ekki vinnu nema eiga hjól og hjóla í vinnuna, allavega þurfi að mæta hjólandi í atvinnuviðtalið,“ segir Kristján G. Bjarnason, framkvæmdastjóri Dohop, hlæjandi en allir starfsmenn fyrirtækisins, átta talsins, koma hjólandi í vinnuna.

„Þetta hefur loðað við vinnustaðinn í mörg ár,“ segir Kristján. „Hér vinnur reyndar íþróttafólk sem keppir meðal annars í hjólreiðum og það smitar auðvitað út frá sér og kveikir áhuga hjá hinum. Það hefur líka mikið að segja að hér er hægt að geyma hjólin á staðnum. Fyrirtækið flutti fyrir þremur árum og þá kom bara húsnæði til greina þar sem hægt væri að geyma hjól á öruggum stað. Leigusaliinn bjargaði því með því að setja upp skúr á bílplaninu og spara þannig fjölda stæða. Skúrinn tekur upp eitt bílastæði.“

En er enginn að laumast með strætó í vinnuna?

„Jú, auðvitað þegar þannig viðrar og það er líka bara gott mál. Það er hvorki skrifuð né óskrifuð regla

að allir þurfi að vera á hjóli. Þetta hefur bara orðið að vana,“ útskýrir Kristján.

Sjálfur hefur hann hjólað allra sinna ferða í mörg ár þegar hann mögulega kemur því við. Hann segist ekki í vafa um að hjólreiðarnar hafi jákvæð áhrif bæði á starfsandann og afköst á vinnustaðnum.

„Maður kemur vel upplagður í vinnuna, fullur af súrefni og laus við ergelsið sem fylgir því að sitja fastur í bílaumferðinni á morgnana. Ég sé líka mikla breytingu hafa orðið síðustu ár á því hve margir eru farnir að hjóla. Hjólastígar hafa batnað en það er reyndar ekki aðalmálið, heldur að fólk komi þessu bara upp í vana hjá sér.“

En hafa aðrir vinnustaðir í kringum Dohop smitast af hjólreiða-áhuga? „Þetta hefur svo sem ekki borist í tal, þannig. En okkur finnst reyndar svolítið gaman að horfa á hjólaskúrinn okkar á bílastæðinu þar sem öll okkar hjól komast fyrir, meðan aðrir hringsóla á bílunum sínum í leit að stæði.“



Allir starfsmenn Dohop koma hjólandi í vinnuna og taka því aðeins upp eitt bílastæði í stað átta stæða.

MYND/VILHELM